

máli því, sem hjer er áfrýjað, þá ber þegar af þessari ástæðu að dæma hinn kærða sýknan af ákærum hins opinbera í máli þessu, án þess að þörf gjörist að rannsaka, hvort sú sýknarástæða hins kærða sje á rökum byggð, að nefndar lagaákvæðanir nái ekki til laxveiðinnar í Elliðaánum, af því að hún sje eign einstaks manns.

Eptir þessum úrslitum málsins ber að greiða allan kostnað af því úr opinberum sjóði, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 10 kr. handa hvorum þeirra.

Við rekstur málsins í hjeraði er það athugandi, að liðið hefur á 4. mánuð frá því dómurinn var kveðinn upp og þangaðtil hann var birtur kærða eða umboðsmanni hans, án þess þó að yfirdómurinn finni næga ástæðu til að láta það varða ábyrgð. Fyrir yfirdóminum hefur sókn og vörn þess verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, á að vera sýkn af ákærum hins opinbera í þessu máli. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist úr opinberum sjóði.

7/1880

Rjettvísinn  
gegn  
Gísla Sigfússyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Norðurmúlasýslu, sem kveðinn var upp 9. dag októbermánaðar f. á., er hinn á-

kærði, Gísli Sigfússon, fyrir að hafa veitt verzlunarpjóni N. C. Ö. Nielsen á Seyðisfirði áverka, dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma, til einfalds fangelsis í 6 daga; svo er hann og dæmdur til að greiða Nielsen legukostnað með 37 krónum og allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Þessum dómi er eptir beiðni hins ákærða áfrýjað til yfir-dómsins.

Hinn 28. dag janúarmán. f. á. nálægt 7. stund um kvöldið kom ákærði, Gísli Sisfússon, ásamt öðrum manni, að húsum Thostrups kaupmanns á Seyðisfirði; ætlaði hann að fá að komast í búðina, sem þá var búið að loka, til þess að fá keypt 1 pund af reyk-tóbaki; hitti hann búðardreng við verzlunina fyrir utan húsin og sagði honum erindi sitt, og beiðdi hann að bera það fram við verzlunarpjón N. C. Ö. Nielsens; kom pilturinn aptur með þau boð, að þeir færu ekki í búð frammar það kvöld; beiðdi ákærði þá piltinn að skila til Nielsens, að hann vildi finna hann; en Nielsen gjörði honum aptur þau boð, að hann væri önnurum kafinn, og gæti ekki sinnt honum. Þá er þetta gjörðist voru þeir Gísli og fjelagi hans komnir inn í forstofuna; læsti þá Nielsen stofuhurðinni; en Gísli barði á dyrnar nokkrum sinnum. Nielsen gekk þá fram í forstofuna og sagði, að ekki yrði farið í búð frammar það kvöld; eptir þetta skiptust þeir Nielsen og ákærði á nokkrum orðum, og sagði Nielsen honum að fara út og tók um leið í öxl ákærða; segir Nielsen, að þá hafi Gísli tekið í skinntreyju hans, sem hann var í, og hafi hún þá rifnað, en þá hafi hann hríndt ákærða, og hafi hænn þá dottið yfir þrepskjöldinn úr forstofunni fram í skúrinn. Nielsen fór svo inn til að skoða skemmdirnar á treyjunni, og að því búnu fór hann út snöggklæddur með treyjuna til að sýna ákærða skemmd-

irnar á henni; en ákærði vildi ekki kannast við, að sjer væri um að kenna. Eptir því sem sjeð verður á prófunum sló Nielsen þá nokkrum sinnum til ákærða með treyjunni, eða ýtti við honum; en Gísli hopaði á hæl um stund; þegar þeir voru komnir að pakkhúshorninu hljóp ákærði á Nielsen og felldi hann; fótbrotnaði þá Nielsen á hægri fæti; rjeð ákærði svo aptur að Nielsen, er var setstur upp, en hann gat hrundið ákærða frá sjer, tók hann þá í vinstri fót á Nielsen og dró hann lítið eitt úr stað; en Nielsen hljóðaði; ljet ákærði hann þá lausan og fór burt, en Nielsen var borinn inn.

Samkvæmt vottorði hlutaðeigandi hjeraðslæknis er ekki annað sýnt, en að Nielsen verði albati.

Af því, sem fram er komið í málinu, virðist auðsætt, að hinn ákærði, sem að vísu var nokkuð drukkinn, er hann veitti Nielsen áverkann, en þó ekki svo, að hann væri sín ekki fullkomlega meðvitandi, ekki hefur gjört það af fyrirhuguðu ráði, og er brot hans, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur sætt ákæru eða hegningu, því af undirdómaranum með rjettu heimfært undir 205. gr. hegnl. síðari málslið, og með því hegningin samkvæmt nefudri laga grein og 31. gr. sömu laga virðist hæfilega metin, eins og yfirdómurinn einnig verður að fallast á hinar aðrar ákvarðanir hjeraðsdómsins og ástæðurnar fyrir þeim, og sjerstaklega að því leyti hann hefur skyldað hinn ákærða til að greiða verzlunarþjón N. C. Ö. Nielsen 37 kr. í legukostnað, og allan málskostnað í hjeraði, þá ber að staðfesta undirrjettardóminn.

Samkvæmt þessum úrslitum ber ákærða einnig að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað og þar á meðal málsfærulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 12. kr. til

hvors þeirra. Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lög-  
mæt.

Því dæmist rjett að vera:

Dómi undirrjettarins í þessu máli skal óraskað. Hinn ákærði, Gísli Sigfússon, greiði allan af á-  
frýjun málsins löglega leiðandi kostnað, og þar á  
meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns  
fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanna Jóns Jóns-  
sonar og Páls Melsteðs, 12 kr. til hvors þeirra.

Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá lög-  
birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. aprílmán.

22/1879 Landshöfðinginn fyrir hönd landssjóðsins  
gegn

hjeraðslækni Þorsteini Jónssyni

D ó m u r:

Eptir að ráðherra Íslands hafði veitt landshöfð-  
ingjanum heimild til, ef til þess kæmi, að taka á móti  
málssókn á hendur landssjóðnum af hálfu Þorsteins  
Jónssonar, hjeraðslæknis á Vestmannaeyjum, útaf því,  
að hann þóttist eiga tilkall til hærri launa fyrir árin  
1876-78, en honum höfðu greidd verið úr landssjóði  
að fyrirlagi stjórnarinnar og fjárveitingarvaldsins, höfð-  
aði tjeður hjeraðslæknir mál gegn landshöfðingjanum  
fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur til þess að fá dóm  
fyrir þessu tilkalli sínu, og með dómi, kveðnum upp  
fyrir nefndum rjetti 7. ágústmán. f. á., er landshöfð-  
inginn fyrir hönd landssjóðsins skyldaður til að greiða  
stefnandanum, Þorsteini hjeraðslækni Jónssyni, van-  
goldin laun úr landssjóði, nefnilega fyrir árið 1876: kr